



**Kristjana Arngrímsdóttir** er fædd 16. mars 1961 á Dalvík. Hún nam tónlist á Íslandi og í Danmörku. Hún stundaði söng við Tónlistarskóla Dalvíkur, hjá Rósu Kristínu Baldursdóttur og Jóni Þorsteinsyni, síðar hjá Þuríði Baldursdóttur við Tónlistarskóla Eyjafjarðar. Kristjana Arngrímsdóttir var 14 ár félagi í Tjarnarkvartettinum sem var þekktur víða um Evrópu fyrir flutning á norrænum söng- og þjóðlögum og fóru þau söngferðir um víða veröld. Árið 2000 gaf Kristjana út hljómdiskinn “Þvílík er ástin” þar sem hún

flytur enskar, franskar, skandínávískar og íslenskar vísna- og þjóðlagaballöður. Þar spila með Kristjönu, þeir Kristján Eldjárn gítarleikari, Jón Rafnsson, kontrabassaleikari og Daníel Þorsteinsson píanóleikari.

Árið 2004 var hún við nám í Danmörku við kirkjumusikskólann í Løgumkloster. Þar í landi bjó hún í fimm ár og hélt þar ótal tónleika.

Árið 2005 gaf hún annan hljómdisk “Í Húminu” en þar er hún undir dönskum áhrifum m.a. frá Carl Nielsen og Grundtvig, en þar má finna þekktu danska sálma, í nýrri íslenskri þýðingu Böðvars Guðmundssonar, og aðrar íslenskar söngperlur.

Kristjana Arngrímsdóttir hefur unnið og sungið með ýmsum ólíkum einstaklingum og kórum og nú síðast söng hún inná hljómdisk með Kammerkór Norðurlands sem þykir einn efnilegasti kammerkór landssins. Kristjana hefur einskorðað sig við íslensk þjóðlög og vísnatónlist í gegnum tíðina en einnig við kirkjutónlist. Kristjana hefur tvívegis tekið þátt í þjóðlagahátíðinni á Siglufirði áður með Þórnari Hjartarsyni og nú síðast árið 2007 á afmæli Jónasar Hallgrímssonar með þeim Kristjáni Eldjárn Hjartarsyni, Erni Eldjárn gítarleikara og Ösp Kristjánsdóttur.

Það eru því þjóðlegir og norrænir tónar sem við fáum að heyra á þessum sumartónleikum í ár.

**Kristjana Arngrímsdóttir**, lyrical alto and folk singer is educated in Iceland. She was a member of the Tjarnar Quartet, known in all Europe as performers of nordic ballads and songs. In 2000 Kristjana Arngrímsdóttir published her first solo CD *Þvílík er ástin*, Such is love. Kristjana, is back home after dwelling in Denmark for five years. In 2005 she recorded the CD *Í húminu* ("In the Twilight") with Danish as well as Icelandic material. Kristjana has sifted through Danish musical treasures and sings music by Carl Nielsen, the renowned composer, and Bjarne Haar. The lyrics, by some of Denmark's great poets such as Grundtvig and Halfdan Rasmussen, are translated by Böðavar Guðmundsson and Kristján E. Hjartarson. On the CD you find traditional Icelandic songs as well as contemporary songs.